

ÞRÍÞRAUTARSAMBAND ÍSLANDS

4.9.2022 (#5 2022-2023)

Stjórnarfundur

Mættir voru: Margrét Ágústadóttir, Margrét Magnúsdóttir, Valerie Maier, sem jafnframt ritar fundargerð auk þess var starfsmaður sambandsins Hákon Jónsson mættur í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðast fundar lögð fram til samþykktar.

Samþykkt.

2. Fjárhagsaðstoð

Fram fer umræða um fjárhagslegan stuðning við alþjóðlegt TO nám. Samþykkt að greiða ferðakostnað upp að 100.000 kr. fyrir hvern dómara. Áætlað er að 5 dómara fari út á þessu ári til að ljúka námi.

Fram fer umræða um World triathlon þjálfaranámskeið. ÞRÍ fékk úthlutað á árinu 2022 1500 Evrum frá Developmental fund Europe triathlon sem samsvarar 218.000 kr. Samþykkt að greiða ferðakostnað upp að 100.000 kr fyrir hvern þjálfara (miðað við 5 þjálfara sem hafa lýst áhuga á að fara á námskeið í október og nóvember).

3. Breytingar á reglum

Fjallað um stöðu á reglubreytingum. Rætt var um eftirfarandi þætti:

- Nýliði ársins (tillaga er komin frá formanni mótanefndar)
- Endurgreiðslu skráningargjalda vegna niðurfellingar móta (t.d. vegna veðurs). Tillaga að endurgreiða 70%, enn það þarf að gera fjárhagsáætlun fyrir Kjós og byggja á kvörðunina á þeirri áætlun. Ákveðið að fyrir 2022 þurfi að endurgreiða allt því það var tilkynnt með þeim hætti.

4. Yfirferð yfir stöðu undirnefnda

Dómaranefnd: Áætlað að halda fund með keppnishöldurum og dómurum í október varðandi lærdóm fyrir næstu árin, eftir þann fund hittist dómaranefnd og svo verða reglurnar uppfærð í samræmi við niðurstöður funda.

Mótanefnd:

- Ákveðið að borga félögum keppnisgjald. Greiðslur fara fram á næstunni.
- Fjallað um keppni í Kjós. Rætt um að borga keppnistjóra þegar mót er fellt niður en engin ákvörðun tekin að svo stöddu. Fyrst þarf að skoða allan kostnað og fjárhagsáætlun 2023.
- Rætt um mikilvægi þess að finna styrktaraðila og keppnistjóra fyrir 2023.
- Tillaga að breyta flokkum. Þjóða upp á opin flokk og afreksflokk: Ákveðið að búa til vinnuhóp sem skoðar þetta og ræða á formannafundi.
- Tillaga fyrir næsta keppnistímabil að hafa mót á laugardegi ekki sunnudegi
- Fram fer umræða um hvenær má keppa í landslið galla – engin ákvörðun tekin.

Afreksnefnd

Þar sem engin úr nefndinni var viðstaddur var umræðum frestað að öðru leyti en að rætt var um var kostað vegna EM Muenchen. Ákveðið að ÞRÍ borgar skráningu og tryggingu en allt annað borga keppendur

Fræðslu- og útbreiðslunefnd

Rætt um unglunga og þrjúpraut. Ákveðið að búa til stefnu fyrir 2022-2025. Áætlað að hafa fund með einhverjum úr hverju félag og þjálfara. Eining þarf að finna starfsmann sem sinnir þessu.

5. Fjárhagsáætlun 2022

Unnið í yfirferð áætlunar á næstuni og skoða launakostnað fyrir eitt til tvö stöðugildi (ca. 50% í heild)

6. Önnur mál

- Rætt um BTR partnership en næsti fundur verður haldinn 9.9.22
- Rætt um hlutverk forseta ÞRÍ. Stjórnafundur á 6 vikna fresti, formannafundur, alþjóðamál (development fund, BTR partnership, alþjóðleg ráðstefna, kosningar, önnur mál sem koma upp þar), tenging við Guðlaug Eddu og þjálfara, skýrslur tengdar henni eru allt verkefni á höndum forseta.
- Rætt um Asana. Ítrekað að nota þetta verkfæri og skipta þar niður verkefnum.
- Rætt um endurgjöf frá þeim sem fóru til Bergen. Mikilvægt er að auka þekkingu á reglum frá World triathlon inn í íslenska þrjúprautasamfélagið en áherslan á Ironman reglur hefur verið ofan á hingað til.